

**Umsögn um 263. mál, þingskjal nr. 290, lagafrumvarp um tekjustofna sveitarfélaga.
(Sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði)**

Hvammstanga 17. desember 2015.

Samtök sveitarfélaga á norðurlandi vestra (SSNV) mótmæla þeim hugmyndum sem koma fram í þingskjali nr. 290, um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs vegna hlutdeildar í sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki verði ráðstafað árlega í samræmi við álagt heildarútsvar ársins 2013. SSNV vekur athygli á að meðalútsvar á landinu árið 2014 var kr. 417.035,- á íbúa. Meðalútsvarstekjur sveitarfélaga á starfssvæði SSNV (Húnavatnssýslur og Skagafjörður) námu á sama tíma kr. 383.332,- á íbúa. Mismunurinn er kr. 33.703,-.

Það er illskiljanlegt hvernig það getur talist sanngjarnt eða samræmst 8. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem skýrt kemur fram að hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum, að sérstöku framlagi Jöfnunarsjóðs skuli eiga að ráðstafa þannig að þau sveitarfélög sem þegar hafa mestar tekjur fái bróðurpartinn af tekjum Jöfnunarsjóðs af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010, með síðari breytingum.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á norðurlandi vestra,

Adolf H. Berndsen formaður stjórnar
Sigríður Svavarsdóttir
Stefán Vagn Stefánsson
Unnur Valborg Hilmarsdóttir
Valgarður Hilmarsson

Björn Líndal Traustason framkvæmdastjóri